

# Líffræði 8. bekkur

Kennarar: Trostan Agnarsson; Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

8

## Lýsing

Í þessari lotu verður farið í líffræði. Fjallað verður um lífið á jörðinni og þá fyrst og fremst um eftirfarandi:

bakteríur og veirur

þörungur og frumdýr,

sveppi og fléttur,

plöntur,

dýr.

Þetta er vítt svið en fyrst og fremst verður fjallað um flokkunarfræði og athugað hvernig og hvers vegna ofangreind atriði eru flokkuð eins og raun ber vitni.

## Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Bein kennsla, fyrirlestrar, hópverkefni, einstaklingsvinna, kannanir, verklegar æfingar, fræðslumyndir, efniskönnun og umræður.

## Námsmat

Námsmat er að miklu leyti á formi símats. Metin verður vinna í tímum, sjálfstæði í vinnubrögðum, verkefnaskil og kannanir.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

\* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða

B = Góð hæfni og frammistaða

C+ = Á góðri leið

C = Sæmileg hæfni og frammistaða

D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

### VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8. bekk

- **Hæfni á námssviði**

### VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8. bekk - Náttúra Íslands

- Gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum.
- Þekki og geti lýst ýmiss konar samskiptum á milli lífvera eins og samlífi, sníkjulífi, gístillífi og rotlífi.
- Geti úrskýrt sérstöðu lífvera hvers ríkis og mikilvægi þeirra fyrir aðrar lífverur.
- Útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika, ein- og fjölfrumunga, að erfðir ráðast af genum og hvernig íslenskar lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu.
- Þekki helstu einkenni fléttna.
- Þekki helstu einkenni plantna.
- Þekki helstu einkenni sveppa.
- Þekki og geti úrskýrt hugtakið ljóstillifun.

### VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8. bekk - Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- Tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlu hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.

### VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8. bekk - Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingsstigsins.
- Skýrt með dæmum hvernig náttúruvísindi, tækni, menning, heimsmynd mannsins og náttúran hafa áhrif hvert á annað.

### VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8. bekk - Vinnubrögð og færni

- Framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni.
- Beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda.
- Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.
- Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, netið og aðrar upplýsingaveitur.
- Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku.

## VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 8. bekk - Ábyrgð á umhverfinu

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru, sýnt umhverfinu umhyggju og rökrætt eigin skoðun á því.

### NÁMSEFNI/GÖGN

---



Lífheimurinn

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/lifheimurinn/>)